

## 1. Tilgangur

Starfskjarastefna Ramma hf. miðar að því að félagið sé samkeppnishæft og geti ráðið, haldið og örvað framúrskarandi starfsfólk í þeim tilgangi að tryggja vöxt, velgengni og viðunandi arðsemi félagsins.

Starfskjarastefnan nær til helstu grundvallaratriða í starfs- og launakjörum framkvæmdastjóra og stjórnenda félagsins.

Stefnan er liður í að gæta hagsmuna hluthafa, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila til lengri tíma litið með skipulegum, einföldum og gegnsæjum hætti.

Starfskjarastefna félagsins er sett í samræmi við ákvæði 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (útg. VÍ, SA og Nasdaq Iceland).

## 2. Starfskjaranefnd

Stjórn gegnir hlutverki starfskjaranefndar.

## 3. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmenn fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert.

Þóknunin skal taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfsins, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

Stjórnarmenn skulu fá greidda fasta þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar og skal sú þóknun jafnframt ákveðin af aðalfundi.

Ekki eru greiddar starfslokagreiðslur eða árangurstengdar greiðslur til stjórnarmanna.

Stjórnarmenn skulu ekki njóta hlutabréfatengdra réttinda, sbr. 5. tl. 2. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## 4. Starfskjör framkvæmdastjóra

Starfskjör framkvæmdastjóra skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi.

Föst laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra skulu taka mið af hæfni, menntun, reynslu og fyrri störfum.

Þá skal horft til umfangs starfsins, launadreifingar innan félagsins og að laun séu samkeppnishæf á þeim markaði sem félagið starfar.

Við starfslok framkvæmdastjóra skal ekki koma til frekari greiðslna en samið var um í ráðningarsamningi.

Félagið skal ekki veita framkvæmdastjóra lán vegna hlutabréfakaupa eða í öðrum tilgangi.

## 5. Starfskjör starfsmanna

Gera skal skriflega ráðningarsamninga við starfsfólk félagsins.

Starfskjör samkvæmt ráðningarsamningi skulu taka mið af ákvæðum 4. gr. starfskjarastefnunnar eftir því sem við á.

Ekki skal koma til frekari greiðslna við starfslok en samið var um í ráðningarsamningi.

## 6. Árangurstengdar greiðslur

Greiðslur kaupauka til stjórnenda og starfsmanna félagsins eru ekki heimilar. Greiðslur hlutabréfatengdra réttinda, sbr. 3. tl. 1. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, eru ekki heimilar.

## 7. Endurskoðun starfskjarastefnu

Starfskjarastefna félagsins skal útbúin og samþykkt af stjórn.

Stjórn skal endurskoða starfskjarastefnu félagsins ár hvert og gera breytingar ef þurfa þykir.

Stjórn félagsins skal árlega bera starfskjarastefnu undir aðalfund félagsins til samþykktar eða synjunar.

## 8. Upplýsingagjöf

Á aðalfundi ber stjórn að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar á síðasta rekstrarári, heildarkostnaði vegna starfskjarastefnunnar og kjörum einstakra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og framkvæmdastjóra í ársskýrslu félagsins samkvæmt reikningskilareglum.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess mæli lög ekki fyrir um annað.

Starfskjarastefnan er bindandi hvað varðar hlutabréfatengd réttindi, sbr. 3. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Ef stjórn vîkur frá starfskjarastefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðarbók stjórnar og gerð grein fyrir frávîkunum á næsta aðalfundi félagsins.

*Staðfest af stjórn Ramma hf. þann 5. mars 2021*